

# **Reglugerð um innleiðingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2988/74 frá 26. nóvember 1974 um fyrningarfrest við meðferð mála og hvernig beita skuli refsiaðgerðum samkvæmt reglum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga og samkeppni.**

## **1. gr.**

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 10. tl. 3. mgr. bókunar 21 við EES samninginn, gildir hér á landi með þeim breytingum sem leiða af bókun 21, bókun 1 og öðrum ákvæðum samningsins. Eftirtalin EB-gerð gildir því hér á landi:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74 frá 26. nóvember 1974 um fyrningarfrest við meðferð mála og hvernig beita skuli refsiaðgerðum samkvæmt reglum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga og samkeppni.

## **2. gr.**

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74 frá 26. nóvember 1974 hefur verið breytt með eftirfarandi reglugerð og gildir hún einnig hér á landi samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans.

## **3. gr.**

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74 hefur áður verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérriti S40, bls. 105-107.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 hefur áður verið birt sem fylgiskjal með reglugerð nr. 652/2005 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 2005, bls. 1419-1444.

## **4. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 18. september 2006.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Jónína S. Lárusdóttir.*

### **Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.